

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 77/1989 um leigubifreiðar, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 20. nóvember 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Elín Helgadóttir.

AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrám Hitaveitu Akureyrar og
Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.**

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrám Hitaveitu Akureyrar og Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, er taki gildi 1. desember 1990:

Gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar, nr. 417, 25. október 1990:

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 0,52%

Gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, nr. 416, 25. október 1990:

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 0,52%

Iðnaðarráðuneytið, 23. nóvember 1990.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Guðrún Skúladóttir.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um stærð og þyngd ökutækja,
nr. 107 26. febrúar 1988.**

1. gr.

Við 1. mgr. 1. gr. bætist: Breidd yfirbyggingar á vörubifreið eða eftirvagni má þó vera allt að 2,55 m.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 75. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 19. nóvember 1990.

Óli Þ. Guðbjartsson.

Ólafur W. Stefánsson.